

Mánudaginn 11. nóvember 1996.

Nr. 404/1996.

Ákærvaldið

(Bragi Steinarsson vararfkissaksóknari)
gegn

Jóhanni Halldóri Þorgeirssyni

(Kristján Stefánsson hrl.) og

Jóhönnu Lucindu Vilhjálmstöttur Heiðdal

(Örn Clausen hrl.)

Kærumál. Dómarar. Vanhæfi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 4. nóvember 1996, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 5. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. nóvember 1996, þar sem hafnað er kröfu sóknaraðila um, að Sverrir Einarsson héraðsdómari víki sæti í máli ákærvaldsins á hendur varnaraðilum. Sóknaraðili krefst þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og héraðsdómara gert að víkja sæti í málinu.

Varnaraðilar hafa ekki látið málið til sín taka fyrir Hæstarétti.

Um kæruheimild fer samkvæmt 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála, enda hefur aðalmeðferð málsins ekki byrjað á nýjan leik eftir ómerkingu héraðsdóms í því með dómi Hæstaréttar 23. júní 1994.

Ómerking héraðsdómsins var ekki reist á þeim atvikum, sem nú greinir í 5. mgr. 159. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 19. gr. laga nr. 37/1994. Með þessari athugasemd verður hinn kærði úrskurður staðfestur með vísan til forsendna hans.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 4. nóvember 1996.

Ár 1996, mánudaginn 4. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Sverri Einarssyni héraðsdómara, kveðinn upp úrskurður þessi í sakamálinu nr. 459/1993: Ákæru-

valdið gegn Jóhanni Halldóri Þorgeirssyni og Jóhönnu Lucindu Vilhjálmsdóttur Heiðdal.

Héraðsdómur í máli þessu frá 11. nóvember 1993 var ómerktur í Hæstarétti 23. júní 1994 og málinu vísað heim í hérað til frekari meðferðar. Málið barst þó ekki dóminum að nýju fyrir en með bréfi ákærvaldsins, dagsettu 23. ágúst sl., en dómaranum var afhent málið til meðferðar um viku síðar.

Í þinghaldi í máli þessu 18. október sl. krafðist ákærvaldið þess, að dómarrinn viki sæti í málinu. Segir í bókun ákærvaldsins í þinghaldinu orðrétt á þessa leið: „Málið var af hálfu ákærvalds sent Héraðsdómi Reykjavíkur að lokinni lögreglurannsókn til dómsmeðferðar og dómsálagningar að nýju og við það miðað, að málið yrði ekki falið sama dómara og kveðið hafði upp hinn fyrri dóm. Af hálfu ákærvaldsins er dregið í efa hæfi hans til framhaldsmeðferðar málsins með hliðsjón af g-lið 5. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 6. gr. laga nr. 19/1991 með áorðnum breytingum, og nú með vísan til dóms Hæstaréttar frá 6. júní sl. og 2. þ. m. í málinu nr. 266/1996 og því talið, að héraðsdómaranum Sverri Einarssyni sé með hliðsjón af fyrri dómi sínum í máli þessu og þeirri efnislegu afstöðu til ákæruefna þessa máls, sem þar koma fram, og þeirri afstöðu til málareksturs þessa, sem fram koma í bréfi dómarans, dags. 29. desember sl., til Kristjáns Stefánssonar hrl., skipaðs verjanda ákærða, Jóhanns Halldórs, sé ekki rétt, heldur skylt að víkja sæti í málinu. Af ákærvaldsins hálfu er því krafist, að héraðsdómarrinn Sverrir Einarsson viki sæti í máli þessu.“

Verjandi ákærða hefur mótmælt framangreindri kröfu ákærvaldsins, en verjandi ákærðu tekur ekki afstöðu til kröfunnar.

Áðurgreint bréf verjanda ákærða, Jóhanns Halldórs, frá 29. desember sl., sem dómarinn svaraði samdægurs, varðaði fyrirspurn verjanda til dómarans, hvort rannsókn í málinu, sem þá var hafin hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins eftir ómerkingu héraðsdóms í málinu frá 11. nóvember 1993 með dómi Hæstaréttar 23. júní 1994, væri að fyrirlagi dómarans. Í svarbréfi dómarans segir svo orðrétt:

„Hvorki Hæstiréttur né ríkissaksóknari hafa tilkynnt mér um lyktir þessa máls í Hæstarétti, og er það vani Hæstaréttar, eftir því sem ég best veit, að tilkynna ekki héraðsdómurum um lyktir mála þeirra, sem þeir hafa dæmt.

Ég hef hins vegar heyrt frá öðrum, þ. á m. yður, að málinu hafi verið vísað heim í hérað, og af þeim sökum bjóst ég við, að mér yrði sendur dómurinn og gögn málsins, en það hefur ekki gerst, og bjóst ég við, að ákærvaldið hefði fallið frá frekari aðgerðum í málinu, enda 18 mánuðir liðnir, síðan málinu lauk í Hæstarétti með áðurgreindum hætti.

Af framangreindu er ljóst, að ég hef engin afskipti haft af málinu, eftir að

því lauk við Héraðsdóm Reykjavíkur, og er sú málsmeðferð, sem þér gerið grein fyrir í bréfi yðar, mér með öllu óviðkomandi, og hefur mér ekki verið falið málið að nýju.“

Það er mat dómarans, að efnisleg afstaða hans til ákæruatriðanna í dómnum frá 11. nóvember 1993 á grundvelli þeirrar lögreglurannsóknar og dómsmeðferðar, sem hann byggði á, og frásögn hans af afskiptaleysi hans af meðferð málsins hjá rannsóknarlögreglu eftir ómerkingu héraðsdómsins og hugmynd hans um fráfall ákæruvaldsins frá frekari aðgerðum geri hann ekki vanhæfan til framhaldsmeðferðar þess og uppkvaðningar nýs efnisdóms í málinu á grundvelli þess, sem fyrir mun liggja við uppkvaðningu nýs dóms. Telur dómarinn því, að ekkert sé fram komið, sem sé til þess fallið að draga óhlutdrægni hans með réttu í efa, og synjar því kröfu ákæruvaldsins um, að hann víki sæti í málinu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Synjað er kröfu ákæruvaldsins, að héraðsdómarinn í máli þessu, Sverrir Einarsson, víki sæti í málinu.
